

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð 87 Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, til styrktar verkfræðinemum við Háskóla Íslands 18. apríl eða til framhaldsnáms þeirra við annan háskóla“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 18. apríl 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, til styrktar verkfræðinemum við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms þeirra við annan háskóla.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, til styrktar verkfræðinemum við Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms þeirra við annan háskóla.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af ekkju Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, frú Ingi-björgu Claessen Þorláksson, og kjördætrum þeirra, frú Önnu Margréti Hjartarson og frú Elínu Kristínu Halldórsson, á sjöttu og fimm ára afmæli Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, 3. marz 1952.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Stendur hann nú í skuldabréfi, tryggðu með veði í húseigninni nr. 14 við Austurstræti í Reykjavík, en skal, eftir því sem það bréf greiðist niður, ávaxtaður í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, í ríkistryggðum skuldabréfum eða á annan hátt eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar.

Höfuðstólinn skal auka með því að leggja við hann árlega hluta af vöxtunum, svo sem greint verður hér á eftir, svo og með gjöfum og áheitum og á annan hátt, eftir því sem sjóðstjórnin ákveður.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja stúdenta til náms við verkfræðideild Háskóla Íslands eða til framhaldsnáms þeirra við annan háskóla, einkum þá er að dugnaði og reglusemi skara fram úr öðrum, og skulu fyrstu árin að öðru jöfnu ganga fyrir stúdentar ættaðir úr Húnavatns og Skagafjarðar sýslum.

5. gr.

Verja skal árlega til styrkveitinga samkv. 4. gr. tveimur þriðju af vöxtum sjóðsins. Mismunurinn leggst við höfuðstólinn á hverjum tíma. Þó skal riflegri styrkur veittur á tugsafmælum Jóns Þorlákssonar og á aldarafmæli hans skal verja ársvöxtum sjóðsins til styrkveitinga. Svo skal sjóðstjórninni, ef henni þykir henta, heimilt að draga saman handbært styrktarfé tveggja ára í senn, þannig að eitt ár sé enginn styrkur veittur, en hið næsta sé ráðstafað styrktarfé tveggja ára.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa rektor Háskóla Íslands, sem skal vera formaður stjórnarinnar, forseti Verkfræðideildar Háskóla Íslands og Geir G. Zoëga, vegamálastjóri, meðan hans nýtur við, en síðan formaður Verkfræðingafélags Íslands.

87

18. apríl

Stjórnin annast ávöxtun sjóðsins og setur sér að öðru leyti starfsreglur, eftir því sem henni þurfa þykir. Enn fremur annast hún um úthlutun styrkja úr sjóðnum eftir þeim reglum, er hér á undan greinir. Skal árleg úthlutun úr sjóðnum fram fara á afmælisdegi Jóns Þorlákssonar, verkfræðings, 3. marz.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda fundarbók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun styrkja úr sjóðnum og aðrar fundarsamþykktir, svo og annað það, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur skal stjórnin halda sérstaka bók yfir hag og rekstur sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið ársreikningi hverju sinni eigi síðar en 1. febrúar. Sendir hún síðan reikninginn til endurskoðunar og skal endurskoðun framkvæmd af mönnum kjörnum af háskólaráði. Að lokinni endurskoðun skal reikningur sjóðsins árlega birtur í árbók háskólans eða í B-deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 12. apríl 1952.

Ingibjörg Claessen Þorláksson.

Anna M. Hjartarson.

Elín K. Halldórsson.

88

19. apríl

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Neskaupstaðar, nr. 66 22. júní 1937.

1. gr. orðist svo:

1. gr.

Þejaarsjóður hefur einkasölu á vatni til hveffa þarfa sem er, á því svæði kaupstaðarins, sem vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt, svo og á höfn hans.

4. gr. orðist svo:

2. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, öðrum en geymsluhúsum, sem ekkert vatn nota. Skal hann ákveðinn í gjaldskrá og miðaður við fasteignaverð húseigna. Aukagjald má leggja á þá, sem nota vatn til annars en heimilisþarfa, og á þá, sem hafa vatnshana utanhúss. Skip, sem taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna samkvæmt gjaldskrá.

5. gr. orðist svo:

3. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. júní ár hvert.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.